

Fimmtudaginn 4. júní 1998.

Nr. 215/1998.

Ákærvaldið

(Jón Eysteinnsson, sýslumaður í Keflavík)
gegn

Arnari Einarssyni

(enginn)

Kærumál. Lögreglurannsókn. Ákæra. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. maí 1998, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var sjálfkrafa vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Samkvæmt 112. gr. laga nr. 19/1991 hefur sóknaraðili metið það svo, þegar ákæra var gefin út í málinu 20. apríl 1998, að rannsókn þess hjá lögreglu væri lokið og hún nægði til að taka ákvörðun um saksókn. Sakarefni málsins er sáraf einfalt. Þótt rannsókn lögreglu á málinu sé að nokkru ófullkomin, er unnt að bæta úr því við meðferð þess fyrir dómi, sbr. 3. mgr. 119. gr. laga nr. 19/1991. Getur þetta því ekki varðað frávísun málsins frá dómi. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. maí 1998.

Ár 1998, föstudag 15. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-168/1998: Ákærvaldið gegn Arnari Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

I.

Sýslumaðurinn í Keflavík gaf 20. apríl sl. út ákæru á hendur ákærða, Arnari Einarssyni, kt. 110965-4279, til heimilis að Hjallavegi 3 P í Njarðvík. Barst hún dóminum sama dag, og var málinu úthlutað til undirritaðs dómara 21. s. m. Með ákvörðun dómara 5. maí sl. var synjað um útgáfu fyrir-kalls og málinu vísað þegar frá dómi ex officio á grundvelli 3. mgr. 119. gr. laga nr. 19/1991. Með bréfi sýslumannsins í Keflavík, dagsettu 7. s. m., var gerð krafa um, að úrskurðað yrði um framangreinda synjun, sbr. lokamáls-lið sama ákvæðis.

Ákærða er í ákæru gefið að sök umferðarlagabrot með því að hafa miðvikudaginn 14. janúar 1998 ekið bifreiðinni A-13175 án þess að hafa ökuskríteini meðferðis suður Hafnargötu í Keflavík og vera ekki með öryggisbelti spennt við aksturinn. Er þetta talið varða við 48. gr. og 71. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sbr. 100. gr. sömu laga.

II.

Með ákæru fylgdu eftirgreind sönnunargögn og önnur fylgigögn: skýrsla lögreglu, dagsett 14. febrúar 1998, undirrituð af tveimur lögreglumönnum, útprentun úr Þjóðskrá, dagsett 23. mars 1998, og sakavottorð ákærða.

— — —
[Sjá mál nr. 213/1998, bls. 2286–2289.]

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Þessu máli ákærvalds gegn ákærða, Arnari Einarssyni, er vísað frá dómi.
